

## R E G L U G E R Ð

### um heimilisþjónustu í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps fer með stjórn heimilisþjónustu í Borgarfjarðarhreppi. Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum oddvita eða annars starfsmanns er hún væri falin sérstaklega.

#### 2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að útvega aðstoð á heimilum aðra en hjúkrun. Þjónusta þessi stendur þeim til boða sem þurfa á aðstoð að halda við heimilisstörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum að tilvísun læknis eða hjúkrunarkonu eða öðrum tilvísunum sem hreppsnefnd metur gildar.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem hreppsnefnd metur að nauðsynlegt sé hverju sinni.

#### 3. gr.

Heimilisþjónustan felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist eða jafnvel að koma í veg fyrir hana.
3. Aðstoð við heimili þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða, sem búa einir.
5. Önnur tilfelli, sem meta þarf hverju sinni.

#### 4. gr.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilisþjónustunnar fer eftir ákvörðun hreppsnefndar. Skylt er starfsfólki að gæta þagnælsku um það, sem það fær vitneskju um í starfi sínu. Starfsfólki heimilisþjónustunnar skal gefinn kostur á að sækja námskeið til þess að auka þekkingu sína á þessu sviði.

#### 5. gr.

Hreppssjóður Borgarfjarðarhrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfsfólk á vegum heimilisþjónustunnar kann að valda við störf sín, umfram það sem bætt er af sérstakri ábyrgðartryggingu, sem heimilisþjónustan kaupir.

#### 6. gr.

Fyrir heimilisþjónustu skulu notendur greiða skv. gjaldskrá, sem hreppsnefndin setur. Þar skal tekið tillit til tekna og aðstæðna viðkomandi og kostnaðar við hjálpinna. Skal taxti þessi breytast í samræmi við laun og framfærslukostnað.

## 7. gr.

Borgarfjarðarhreppur annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar hrepps sjóðs.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. október 1981.*

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## G J A L D S K R Á

fyrir heimilisþjónustu í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu.

## 1. gr.

Ellilífeyrisþegar og öryrkjar, sem ekkert hafa sér til framfæris nema ellilífeyri, örorkubætur og tekjutryggingu, skulu endurgreiða sem svarar 20% af útlögðum kostnaði fyrir veitta heimilishjálp. Hafi fyrrnefndir aðilar eftirlaun eða aðrar tekjur, skulu þeir endurgreiða sem svarar 40% af útlögðum kostnaði.

## 2. gr.

Í veikindatilfellum einstaklings um stundarsakir skal hann endurgreiða sem svarar 60% af útlögðum kostnaði fyrstu 11 dagana. Að þeim tíma liðnum, þegar almennur réttur til sjúkradagpeninga frá sjúkrasamlagi stofnast, skal viðkomandi greiða heimilishjálp að fullu.

## 3. gr.

Í öðrum tilvikum en getið er hér að framan skal endurgreiðsla metin hverju sinni. Endurgreiðslur skulu ákveðnar og innheimtar mánaðarlega fyrir undangenginn mánuð.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. október 1981.*

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*